

Barnavernd á fjölskyldusviði Akureyrarbæjar – barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Verklag við vinnu með börnum sem hafa orðið vitni að hverskonar heimilisofbeldi eða orðið fyrir því sjálf.

TRAPPAN – meðferðarúrræði

Höfundar og tækið: Inger Ekbohm (félagsráðgjafi) og Ami Arnell (sálfræðingur, látin) eru höfundar meðferðarúrræðisins **Trappan** en það er gagnreynt meðferðartæki í anda Frásagnarkenninga (Narrative theory) þar sem börnum er hjálpað við að setja upplifun sína og hugsanir í orð. Trappan sem þróuð var í tengslum við Save the Children árið 1999 er notuð víðsvegar í Svíþjóð og Finnlandi og barnavernd Reykjanesbæjar hefur notað Tröppuna í nokkur ár núna og láta vel af því.

Fyrir liggja á skrifstofu barnaverndar handbækur bæði á sænsku og ensku fyrir starfsmenn barnaverndar auk annarra gagna. Þá eiga að vera í sérstökum kassa nauðsynlegir hlutir til að nota í Tröppusamtölunum auk viðunandi aðstaða til staðar eins og úrræðið gerir kröfur til.

Rannsóknir hafa sýnt að heimilisofbeldi getur haft djúpstæð áhrif á þroskaferil barna og líðan þeirra almennt þótt þau séu ekki sjálf beitt líkamlegu ofbeldi. Þessi börn eru jafnframt í mun meiri hættu á að sýna og þróa með sér tilfinningalegan, félagslegan og heilsufarslegan vanda einhvern tímann á lífsleiðinni. Sá vandi birtist oftast en ekki í depurð, lágu sjálfsmati, verkkvíða, skertri félagsfærni og samskiptavanda. Það er því mikilvægt að veita börnum sem hafa búið við ofbeldi viðeigandi samtalsmeðferð.

Verklag:

- Mál hefst með **tilkynningu** á grunni barnaverndarlaga er varðar heimilisofbeldi. Tekin er ákvörðun um **könnun máls** sbr. fyrirbyggjandi verklag um könnun máls. Skal ávallt meta hvort ræða þurfi við barnið fyrst án vitneskju foreldra og hvort skipa þurfi barninu talsmann sem liður í könnun máls. Foreldrar boðaðir í viðtal og upplýstir um ákvörðun um könnun máls en um leið fá foreldrar kynningu á mögulegu úrræði fyrir foreldra og **Tröppu**-meðferðina fyrir börn. Mikilvægt er að fá sem gleggstar upplýsingar um forsögu máls, um ofbeldið og mat foreldra á helstu áhrifaþætti í lífi barnsins.
- Mikilvægt er að könnun taki stuttan tíma, fjallað sé um málið á **teymisfundi** barnaverndar þar niðurstaða könnunar er bókuð og gerð tillaga að framhald máls. Mikilvægt er að foreldrar samþykki **Tröppu**-meðferð fyrir barnið og skrifi undir **meðferðaráætlun**. Þá skal fá fram samþykki ungmennis þegar við á.
- **Tröppu-meðferð er fyrir börn frá 4 ára aldri**

- Trappan gerir ráð fyrir **samtalsmeðferð við barnið/ungmennið vikulega í 6 til 10 skipti**
- Mikilvægt er að fylgja þeim ramma sem Tröppu-módelið byggir á stig af stigi.
- Tröppu-meðferðina/viðtölin skal skrá sérstaklega í tölvugrunni barnaverndar í samskipti undir heitinu Trappan í máli hvers barns.

Meðferðin Trappan er þrepaskipt og byggist á þremur þrepum (sjá meðfylgjandi mynd).

1. Stig 1- Mynda samband við barnið - Kontakt

- Viðtal við foreldra og barn til að fara yfir Tröppu samtalið, stig 1 hefst. Viðtalið getur farið fram á heimili eða skrifstofu. Á stigi 1 geta viðtölin verið 2-3 skipti. Fyrsta viðtalið fer fram með foreldrum og svo án foreldra.
- Það þarf að skýra vel út fyrir foreldrum og barni hvers vegna barnið er í Tröppu-meðferð, hvert er markmið meðferðarinnar og fara yfir uppbyggingu meðferðarinnar.
- Mikilvægt er að gera barninu grein fyrir að það sem fer fram í Tröppu samtalinu er trúnaður nema um sé að ræða eitthvað sem varðar barnaverndarlög.
- Markmið viðtalanna á stigi 1 er að láta barnið upplifa að það sé velkomið, ná tengslum við barnið og kynnast þeirra lífi og nærumhverfi. Skólinn, vinirnir, íþróttir, áhugamál, fjölskylda svo eitthvað sé nefnt. **Á þessu stigi á starfsmaður ekki að fara að spyrja spurninga er varðar heimilisofbeldið sjálft.**
- Hægt er að nota ýmsan efnivið í viðtölum með það að markmiði að gefa ímyndunaraflinu frjálsan tauminn eins og að teikna myndir, segja sögur og skoða almennar myndir. Einnig hægt að nota spil til að vinna traust barnsins og mynda tengsl við það.

Mikilvægt er að á öllum stigum að rifja upp með barninu af hverju það er að koma og markmiðið með Tröppu-samtölum. Hver er meðferðaraðilinn, hvað hann heitir og bjóða barnið velkomið. Þá er mikilvægt barnið viti hvað á að taka fyrir í hverju viðtali og hvað á að ræða í næsta viðtali. Einnig mikilvægt að undirbúa barnið frá einu stigi til annars í meðferðinni.

Mikilvægt er að gera viðtalsherbergið eins notalegt og hægt er, þar séu til staðar nauðsynleg verkfæri og um leið að ekki sé eitthvað í herberginu sem dregur athygli barnsins frá meðferðinni sjálfri.

2. Stig 2. Uppbygging - Rekonstruktion

- Á þessu stigi er verið að hjálpa barninu að segja frá heimilisofbeldinu og skilja atburðarás. Farið yfir hugtök, t.d. að rífast eða beita ofbeldi, þekkja muninn. Notaður er ýmis efniviður til að hjálpa barninu að tjá sig, þemamyndir koma að

góðum notum, teikningar/gera kort af herbergi eða öðru rými í húsinu. Velja eitt atvik og vinna með það, hjálpa barninu að sjá sig í aðstæðunum, hvar var það o.s.frv. Stig tekur 3 til 4 viðtöl.

- Farið er í gegnum atburðarrásina og aflað eins mikið af upplýsingum varðandi heimilisofbeldi hjá barninu og hægt er. Leggja áherslu á staðreyndir. Hjálpa barninu að halda einbeitingu.
- Þegar allar staðreyndir liggja fyrir sem barnið man varðandi heimilisofbeldi þá má ræða við barnið um þær upplýsingar sem hafa borist frá foreldrum, lögregluskýrslunni og frá fleirum aðilum sem hafa komið að málinu.
- Að ræða við barnið hvernig því leið á meðan heimilisofbeldið átti sér stað og hvað eru eðlilegar tilfinningar þegar barn verður fyrir áfalli. Útskýra einnig fyrir barninu að ákveðin líkamleg einkenni geta einnig átt sér stað og það sé eðlilegt.
- Komast að því á stigi 2 hvort að barnið hafi orðið einnig fyrir líkamlegu ofbeldi.
- Leggja mat á það hvort starfsmaður eigi að hafa frumkvæði að því að ræða um meintan geranda miðað við umræður sem skapast á milli við þemamyndir.

3. Stig 3. Þekking - Kunskap

- Á þriðja stigi er lögð áhersla á að nýta þekkinguna sem fram hefur komið og fara inn í líðan barns og stöðu barns í núinu. Um er að ræða allt að tvö viðtöl.
- Aðstoða börnin við að kortleggja stöðuna, framtíðina og þá sem eru í kringum barnið. Að aðstoða barnið hvernig það getur brugðist við ef barnið upplifir aftur heimilisofbeldið t.d. með því að búa til hjálparkort.
- Að fara yfir ýmsar tilfinningar sem eru eðlilegar. Gefið gaum að tilfinningum barns til foreldra – meints geranda. Sjá mynd persóna 2. Hvernig líður barni gagnvart honum.
- Að meta hvort að barn þurfi frekari aðstoð á að halda, finna viðeigandi úrræði í samráði við foreldra og barn.
- Halda lokafund með foreldrum og barni. Mikilvægt að þar komi fram þættir sem barnið hefur bent á sem betur mætti fara.
- Hægt er að halda annan lokafund aðeins með foreldrum ef ástæða þykir til.

Akureyri, 30. september 2019

Avslutande samtal Mer stöd?	Möte med mamma/pappa
	Mamma/pappa o barn
Steg 3 - Kunskap	Möte med barnet
Steg 2 - Rekonstruktion	Möte med barnet
Steg 1 - Kontakt	Möte med barnet
Gemensamt samtal mamma/pappa o barn	Mamma/pappa o barn
Förberedelser Samtal med mamma/pappa Samverkan soc/polis/kvinnojour	Möte med mamma/pappa + ev. behandlare